

REGLUGERÐ

135

16. des.

um breyting á reglugerð frá 14. maí 1935, um viðauka við reglugerð frá 15. marz 1935, um framleiðslu, meðferð og sölu mjólkur o. fl.

Í stað orðanna „merkt ógerilsneydd mjólk B“ komi: þeim lokað með ólituð-um aluminiumlokum með áletruðu orðinu N Ý M J Ó L K, en gerilsneydd mjólk á flöskum, sem eru með samskonar lokum, aðgreinist frá hinni fyrrnefndu með rauðu bandi á lokinu.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 17. janúar 1935, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. desember 1938.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

HAFNARREGLUGERÐ

136

16. des.

fyrir Sauðárkrók.

I. KAFLI

Um takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Sauðárkrókshöfn tekur yfir botn Skagafjarðar, vestan Hegranness, innan beinnar línu, er hugsast dregin úr næsta melhorni norðan við Gönguskarðsárós í vitann í Hegranesi.

II. KAFLI

Um stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Hreppsnefnd hefir á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirumsjón atvinnu- málaráðuneytisins.

3. gr.

Hafnarnefnd hefir, fyrir hönd hreppsnefndar Sauðárkrókshrepps, á hendi umsjón með höfninni og framkvæmd hafnarmálefna, annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil.

Í hafnarnefnd eiga sæti 3 menn, 2 kosnir af hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps og 1 af sýslunefnd Skagafjarðarsýslu.

Nefndarmenn skulu kosnir til þriggja ára og gengur 1 úr árlega fyrstu tvö árin eftir hlutkesti. Að minnsta kosti 2 nefndarmanna skulu eiga heima í Sauðárkróks-kaupúni.